

**40. fundur framkvæmda- og veitunefndar haldinn í Aratungu, Reykholti,
miðvikudaginn 30. ágúst 2023, kl. 10:00.**

Fundinn sátu:

Stefanía Hákonardóttir, Helgi Kjartansson, Jón Forni Snæbjörnsson var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Axel Sæland, Ásta Stefánsdóttir, Benedikt Skúlason og Kristófer Arnfjörð Tómasson.

Fundargerð ritaði: Ásta Stefánsdóttir, sveitarstjóri.

1. Fráveita Laugarvatni 1. áfangi - 2106039

Verklok 1. áfanga framkvæmda við fráveitu á Laugarvatni. Sviðsstjóri fer yfir stöðu mála.

Kristófer greindi frá framvindu verksins, sem reyndist umfangsmeira en í fyrstu var áætlað þar sem ekki voru til áreiðanleg gögn um eldri lagnir á svæðinu. Unnið er að lokafrágangi. Í fundargerð 9. verkfundar er fjallað um framkvæmdir í 1. og 2. áfanga, sjá lið 2 á þessum fundi.

2. Fráveitu á Laugarvatni, 2. áfangi - 2301044

Fundargerð verkfundar, 9. fundur haldinn 03.08.2023. Uppfærð kostnaðaráætlun.

Fundargerð verkfundar var lögð fram ásamt uppfærðri kostnaðaráætlun. Verkinu er nánast lokið.

3. Skólatún, fráveita og gatnagerð - 2209029

Skólatún, frágangur og malbikun. Sviðsstjóri fer yfir stöðu mála.

Kristófer fór yfir stöðu verksins. Verið er að leggja hita- og vatnsveitu að nýjum lóðum. Ljósastaurar verða settir upp og klæðning (malbik) á götuna í haust. Gegnumkeyrsla sem sett var til bráðabirgða verður fjarlægð.

4. Gatnagerð Traustatún - 2105023

Traustatún, gatnagerð. Sviðsstjóri fer yfir stöðu mála.

Verkframkvæmdum skv. útboðsverki er lokið. Lagt er til við sveitarstjórn að klæðning á götuna verði sett næsta sumar, en gert var ráð fyrir þeirri framkvæmd í fjárhagsáætlun þessa árs.

5. Breikkun Miðholt, gönguleið - 2308010

Breikkun Miðholts/Skólavegar og gerð gönguleiðar

Til stendur að breikka hluta Miðholts til að koma fyrir gönguleið í Miðholti (framan við Miðholt 1 til 7) og upp að Kistuholti þannig að börn á leið í skóla og aðrir gangandi vegfarendur þurfi ekki að ganga á götunni. Sviðsstjóra er falið að vinna áfram að málinu.

6. Umferðarmerkingar í Reykholti - 2304047

Umferðarmerkingar í Reykholti

Kristófer fór yfir stöðu mála varðandi uppsetningu umferðarmerkja í Reykholti, sbr. ákvörðun

7. Tungurimi, Borgarrimi, 1. áfangi - 2106013

Gatnagerð Tungurimi/Borgarrimi 1. áfangi

Framkvæmdum skv útboðsverki er lokið og hafa nokkrir lóðarhafar fengið útgefin byggingarleyfi og hafið framkvæmdir. Í fjárhagsáætlun þessa árs var gert ráð fyrir að leggja klæðningu á 1. áfanga. Framkvæmda- og veitunefnd leggur til við sveitarstjórn að þessi áfangi verði klæddur næsta sumar.

8. Tungurimi Borgarrimi 2. áfangi - 2208024

Gatnagerð Borgarrimi 2. áfangi

Kristófer fór yfir stöðu mála. Skv. verksamningi átti framkvæmdum við 2. áfanga að ljúka í byrjun næsta mánaðar, en gert er ráð fyrir að þær muni hefjast um það leyti. Vegna þessa hefur verið rætt við verktaka um að útbúin verði aðkomuleið að lóðum sem þegar hefur verið úthlutað til að framkvæmdaaðilar geti hafið byggingu á þeim. Sviðsstjóra er falið að vinna að málinu.

9. Umferðaröryggi á Laugarvatni - Laugarbraut - 2305011

Gangbrautir og lýsing við Lindarbraut og Laugarbraut

Í vor voru settar niður þrengingar á Laugarbraut á móts við íþróttahúsið til að draga úr umferðarhraða og auka öryggi gangandi vegfarenda. Samhliða framkvæmdum sem fjallað er um í 10. lið á dagskrá fundarins verða gerðar gangbrautir, upphækkaðar, á Lindarbraut og Laugarbraut og sett upp sérstök gangbrautalýsing við þær. Sett verður hraðahindrun á milli Laugarbrautar 3 og 5.

10. Göngustígur frá Lindarbraut að Laugarbraut (Lindargarður) - 2308011

Lagning göngustígs frá Lindarbraut, í gegnum Lindargarð og meðfram Heimakletti að Laugarbraut.

Lögð voru fram hönnunargögn og kostnaðaráætlun. Lagning göngustígs verður unnin í samvinnu við Fontana og samhliða stækkun bílastæða. Sami verktaki annast jarðvinnu vegna gögnustíga, ljósastaura og bílastæða og er áætlað að framkvæmdir hefjist í byrjun september.

11. Endurnýjun gervigrasvalla - 2209017

Verkætlun og staða verks, sviðsstjóri fer yfir.

Unnið er að endurnýjun gervigrasvallar á Laugarvatni, búið er að fjarlægja eldra gervigras, skipta þarf um hitalagnir undir vellinum og sanda. Áætlað er að verkinu ljúki um miðjan september.

12. Bygging húss fyrir UTU við Hverabraut 6 - 2209023

4. verkfundur haldinn 15.06.2023

5. verkfundur haldinn 11.07.2023


6. verkfundur haldinn 03.08.2023

Lagðar voru fram verfundargerðir sumarsins. Verkið er á áætlun.


13. Ráðning starfsmanns framkvæmda- og veitusviðs - 2306040

Ráðning starfsmanns, sviðsstjóri kynnir

Kristófer gerði grein fyrir ráðningu Guðmundar Böðvarssonar í starf á framkvæmda- og veitusviði. Þrjár umsóknir bárust um starfið.

Handwritten signatures and initials in blue ink, including a large signature, the initials 'AS', 'SH', and 'H.K.' with the number '94' next to it.

- 14. Afnot af landi og heitavatnsréttindum í landi Brautarhóls - 2304031**
Farið yfir stöðu mála
Samningsdrög voru send landeigendum í byrjun júní sl. Óskað verður eftir fundi með landeigendum á næstu dögum.
- 15. Íþróttahúsið á Laugarvatni, gólf - 2110018**
Lökkun og yfirborðsfrágangur á gólfi íþróttahússins á Laugarvatni
Vinnu við endurbætur á frágangi í íþróttahúsinu á Laugarvatni er lokið. Gallar voru í lökkun og var gólfíð slípað upp og lakkað að nýju og yfirborð merkt að nýju.
- 16. Dæluhús Bláskógaveitu Laugarvatni - 2305015**
Hönnun dæluhúss Bláskógaveitu Laugarvatni
Kristófer og Benedikt gerðu grein fyrir stöðu málsins. Hönnunarvinna er í gangi. Áfram verður unnið að undirbúningi framkvæmda.
- 17. Hreinsistöð fráveitu Reykholti - 2103034**
Niðursetning hreinsistöðvar í Reykholti
Kristófer gerði grein fyrir stöðu framkvæmda við hreinsistöð fyrir fráveitu í Reykholti. Áætlað er að tankar verði settir niður um miðjan september.
- 18. Reykholt 2 (Skólastjórabústaður)endurbætur - 2012027**
Framkvæmdir við skólastjórabústað í Reykholti
Kristófer gerði grein fyrir stöðu framkvæmda við skólastjórabústað í Reykholti. Unnið er að því að endurnýja gólfefni og flísalögn á baði, auk þess sem húsið verður drenað.
- 19. Skilti og merkingar stofnana - 2308013**
Tilboð í merkingar á stofnunum Bláskógabyggðar
Kristófer kynnti tilboð í merkingar stofnana sveitarfélagsins. Samþykkt var að leggja til við sveitarstjórn að taka tilboði SB skilta.
- 20. Aðalskoðun leiksvæða - 2308012**
Úttekt á leiksvæðum, Bláskógaskóli Laugarvatni, leik- og grunnskóli, Álfaborg Reykholti, Reykholtsskóli, leiksvæði Laugarási.
Lagðar voru fram skýrslur úttektaraðila vegna leiksvæða í eigu sveitarfélagsins.
- 21. Eftirlitsskýrslur Heilbrigðiseftirlits Suðurlands - 2301070**
Eftirlitsskýrsla vegna neysluvatns frá vatnsveitunni á Laugarvatni og vegna íþróttamiðstöðvarinnar á Laugarvatni.
Eftirlitsskýrslurnar voru lagðar fram. Neysluvatnssýnið stóðst gæðakröfur, en nokkur frávík voru skráð í íþróttamiðstöðinni og er sviðsstjóra falið að fylgja þeim atriðum eftir.
- 22. Eftirlitsskýrslur Heilbrigðiseftirlits Suðurlands - 2301070**
Niðurstöður sýnatöku úr Laugarvatni
Skýrslur Heilbrigðiseftirlitsins voru lagðar fram.
- 23. Jarðvegstíppur í landi Spóastaða - 1905055**


HLK 95 SH

Frágangur á jarðvegstípp í landi Spóastaða

Lögð var fram fyrirspurn frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands og svör framkvæmdaraðila varðandi frágang á jarðvegstíppnum. Áætlað er að framkvæmdum ljúki uppúr næstu mánaðarmótum.

24. Færsla Laugarvatnsvegar á Laugarvatni - 2109042

Frágagur eftir færslu Laugarvatnsvegar, verkmörk. Sviðsstjóri fer yfir stöðu mála.

Kristófer fór yfir þær framkvæmdir sem framundan eru við frágang meðfram veginum eftir færslu hans síðasta sumar.

25. Stigatafla og skotklukka í íþróttahúsið á Laugarvatni - 2307003

Kaup á stigatöflu og skotklukku, staða

Kristófer fór yfir stöðu mála. Búið er að panta tækin.

26. Greiðslur vegna sérstakrar söfnunar - 2306003

Yfirlit yfir greiðslur frá Úrvinnslusóði

Yfirlit yfir sérstaka söfnun sveitarfélaga var lagt fram. Yfirlitið og greiðslur á grundvelli þess byggja á tölum frá hirðuaðilum.

27. Hundahald - 2308014

Hundaefirlit á vegum Bláskógabyggðar - staða mála

Nokkuð hefur verið um kvartanir vegna lausagöngu hunda í öllum þéttbýlisstöðum sveitarfélagsins í sumar. Kannaður hefur verið möguleiki á að fá verktaka til að annast hundaefirlit. Framkvæmda- og veitunefnd leggur til við sveitarstjórn að gerður verði samningur við aðila um að sjá um hundaefirlit og geymslu hunda sem handsamaðir eru. Þá verði íbúum kynnt skylda til að skrá hunda og þær reglur sem gilda um hundahald.

28. Heimlögn vatnsveitu Syðra-Berg L235226 - 2308015

Umsókn Ólafs G.E. Sæmundssonar um heimlögn vatnsveitu að Syðra-Bergi, Bergsstöðum


Framkvæmda- og veitunefnd samþykkir umsókn Ólafs G. E. Sæmundssonar um heimlögn vatnsveitu að Syðra-Bergi L235226, Bergsstöðum. Umsækjanda er kunnugt um að á álagstímum er mjög lítill þrýstingur á köldu vatni á svæðinu.

29. Viljayfirlýsing vegna kaupa á heitu vatni til uppbyggingar í ferðaþjónustu (baðlón, hótél) - 1906021

Heitavatnsmál vegna fyrirhugaðs baðlóns

Sviðstjóra og veitustjóra er falið að skoða þann þátt málsins sem snýr að nýtingarleyfi.

Fundi slitið kl. 12:30.



Stefanía Hákonardóttir

Helgi Kjartansson

Axel Sæland

Ásta Stefánsdóttir

Benedikt Skúlason

Kristófer Arnfjörð Tómasson